

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

720. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 31. október 2011 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við Guðmund H. Sigurðsson, fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
2. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
3. Bréf Lögfræðiþjónustu Sigurðar Sigurjónssonar.
4. Bréf EBÍ.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur H. Sigurðsson, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er mættur til fundar við byggðarráð. Kynnti hann stöðu mála hjá Heilbrigðisstofnunni varðandi fjárlög ársins 2012 og niðurskurð þeim tengdum.
2. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundar við byggðarráð. Rætt um minjaskráningu, endurnýjun hitaveitumæla, útboð vegna sorphirðu og hnitsetningu landamerkja ofl.
3. Lagt fram bréf Lögfræðiþjónustu Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. dags. 20.10.2011 varðandi samning sveitarfélagsins við HH Gámaþjónustu ehf. Samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfinu í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins Ívar Pálsson hrl. hjá Landslögum slf.
4. Lagt fram til kynningar bréf EBÍ dags. 20.10.2011, þar sem kynnt er ákvörðun aðalfundar að greiða ekki út ágóðahluta til aðildarsveitarfélaga árið 2011. Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneyti, auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:24

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.